



Grænt bókhald fyrir árið 2016

Kratus ehf.

Júlí 2017

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	07.07.2017	BS	BS	BS

Efnisyfirlit

1	Yfirlýsing stjórnar Kratusar ehf.	3
2	Áritun endurskoðanda	4
3	Almennar upplýsingar	5
4	Umhverfisstefna	6
5	Lykiltölur	7
6	Niðurstöður mengunarmælinga.	7

1 Yfirlýsing stjórnar Kratusar ehf.

Stjórn Kratusar ehf. staðfestir hér með að tölur og upplýsingar sem gefnar eru upp í grænu bókhaldi eru unnar úr bókhaldi fyrirtækisins og settar fram af bestu vitund starfsmanna Kratusar ehf.

Engin teljandi umhverfisóhöpp urðu á tímabilinu.

Akranesi, 7 Júlí 2017.

Eypór Laxdal Arnalds,
stjórnarformaður

2 Áritun endurskoðanda

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirlit upplýsingar sem fram koma í umhverfisskýrslu Kratusar ehf. fyrir árið 2015. Umhverfisskýrslan er lögð fram af stjórnendum Kratusar og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því álit sem ég læt í ljós á framsettum gögnum í umhverfisskýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin er í samræmi við kvaðir reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar sem fram eru settar í umhverfisskýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í umhverfisskýrslunni. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfisskýrslan gefi glöggva mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2016, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 7. Júlí 2017.

VSÓ Ráðgjöf


Guðjón Jónsson,
efnaverkerfræðingur

3 Almennar upplýsingar

Kratu ehf. sinnir endurvinnslu á gjalli sem fellur til við álframleiðslu.

Vinnsluferillinn er settur þannig upp að öll efni sem til falla fara í endurnotkun/endurvinnslu. Með þessu er viðskiptavinum tryggt að ekki fellur til neinn úrgangur sem þarf að urða eða farga á annan hátt. Ferillinn byggir á íblöndun á salti sem er sent úr landi til endurvinnslu ásamt gjalli. Saltið er endurunnið og notast aftur í ferlinu en gjallið er unnið og selt til ýmissa nota.

Mynd 3.1 gefur yfirlit yfir framleiðsluferlið.



Mynd 3.1 Endurvinnsluferill.

Kratu starfar samkvæmt gildandi starfsleyfi sem gefið var út 12. nóvember 2013 og gildir til 1. des 2025

Kratu ehf. er staðsett á Grundartanga, Klafastaðvegi 4.

Í stjórn fyrirtækisins sitja, Eyþór Laxdal Arnalds, stjórnarformaður Framkvæmdastjóri er Brynja Silness.

Eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun.

4 Umhverfisstefna

Kratus ehf. er endurvinnslufyrirtæki. Fyrirtækið stefnir að því að lágmarka öll umhverfisáhrif sem tengjast rekstrinum og beitir því bestu fánlegri tækni við endurvinnsluna.

Stefna fyrirtækisins er að öll úrgangsefni sem að falla til fari til endurvinnslu eða endurnýtingar.

Fyrirtækið mun fylgja öllum lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Fyrirtækið setur sér það markmið að allar upplýsingar um umhverfisáhrif sem tengjast rekstrinum verði aðgengilegar eftirlitsaðilum, viðskiptavinum og almenningi.

5 Lykiltölur

Í töflu 5.1 má finna helstu lykiltölur ársins 2016.

	Eining	Magn
Framleiðsla:		
Ál	Tonn	2100
Hráefni:		
Álgjall	Tonn	6079
Hjálparefni:		
Salt	Tonn	612
Orka:		
Súr	Tonn	887
Olía	Tonn	277
Aukaefni:		
Saltgjall	Tonn	2113

6 Niðurstöður mengunarmælinga.

Mælingar í útblæstri frá rykhreinsivirki Kratusar ehf. á Grundartanga voru framkvæmdar árið 15 júní 2016 af starfsmönnum Verkís hf.

Í töflu 6.1 eru niðurstöður mælinganna.

Mælingar í útblæstri				
Mælipáttur	Mæligildi (meðaltöl)	Losunarmörk	Útstreymismagn	Tímasvið
Rykmagn í útblæstri	17,7 mg/Nm ³	20,0 mg/Nm ³	0,4 kg/klst	2x30 mín
Vetnisklórið (HCl)	0,8 mg/Nm ³	10,0 mg/Nm ³	0,0 kg/klst	2x30 mín
Vetnisflúoríð (HF)	20,5 mg/Nm ³	2,5 mg/Nm ³	0,5 kg/klst	2x30 mín
Klór (Cl ₂)	114,4 mg/Nm ³	1,0 mg/Nm ³	2,8 kg/klst	2x30 mín
Díoxín /Fúrön (I-TEQ) (Sía #10 /XAD-2)	0,03 ng/Nm ³	0,1 ng/Nm ³	0,0 µg/klst	4x60mín
Hitastig mælíbúnaðar	32°C	-	-	-
Hitastig útblásturslofts	51°C	-	-	-
Rakainnihald útblásturslofts	2,5%	-	-	-
Loftþrýstingur á mælistað	735,3 mmHg	-	-	-
Lofthraði útblásturslofts	9,8 m/s	-	-	-
Loftmagn	24.713 Nm ³ /klst	-	-	-

Niðurstöður mælinganna sýna að vetnisflúoríð er 10fallt yfir losunarmörkum og klór styrkur langt yfir mörkum. Ekki fannst nein eðlileg skýringa á þessum gildum.

Samanburðarmælingar sem Umhverfisstofnun lét gera í byrjun árs 2017 leiddi í ljós að styrkur vetnisflúoríðs var 0,3 mg/Nm³.

Í töflu 6.2 eru niðurstöður samanburðarmælinga, janúar 2017

<i>Mælingar í útblæstri</i>				
<i>Mælipáttur</i>	<i>Mæligildi (meðaltöl)</i>	<i>Losunarmörk</i>	<i>Útstreymismagn</i>	<i>Tímasvið</i>
Rykmagn í útblæstri	39,3 mg/Nm ³	20,0 mg/Nm ³	0,3 kg/klst	3x30 mín
Díoxín /Fúrön (I-TEQ) (Sía /XAD-2)	0,03 ng/Nm ³	0,100 ng/Nm ³	0,0 µg/klst	4x60mín
Vetnisflúoríð (HF)	0,3 mg/Nm ³	2,50 mg/Nm ³	0,0 kg/klst	3x30 mín
Hitastig mælibúnaðar	25°C	-	-	-
Hitastig útblásturslofts	39°C	-	-	-
Rakainnihald útblásturslofts	16,4%	-	-	-
Loftþrýstingur á mælistað	715,8 mmHg	-	-	-
Lofthraði útblásturslofts	10,9 m/s	-	-	-
Loftmagn	6.601 Nm ³ /klst	-	-	-

Klór var ekki mældur í samanburðarmælingunum, Niðurstöður fyrri mælinga gefa ekki tilefni til að ætla að klórstyrkurinn ætti að aukast og engar breytingar hafa orðið á hráefnum eða ferli sem skýra háan styrk. Ryk mældist yfir viðmiðunarmörkum og var í kjölfarið farið yfir síuhús og það þétt.